


 RE: Tilkyning um kærú 50/2023, stjórnvald.

Búið til	21.4.2023 09:39:27
Höfundur	Hera Elfarsdóttir
Móttekið dags.	21.4.2023 08:28:31
Tilheyrir	 202304-0001 - Rofabær 7-9 - Kæra 50/2023 - Framhaldsmál

Efni

RE: Tilkyning um kærú 50/2023, stjórnvald.

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	21.4.2023 08:28:31	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	09.05.00 Byggingarmál, húsafriðun, byggingareftirlit - almennt efni		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Harri Ormarsson (harri.ormarsson@reykjavik.is)
Til	uua@uua.is, usk@reykjavik.is
Cc	Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is, Erna.Hronn.Geirsdottir@reykjavik.is, Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is, Johanna.Gudjonsdottir@reykjavik.is, Snaedis.Karlsdottir.Bergmann@reykjavik.is

Innihald

Móttekið takk
kv.
H

Frá: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>

Sent: miðvikudagur, 19. apríl 2023 15:52

Til: USK Þjónustu netfang <usk@reykjavik.is>

Afrit: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is>; Harri Ormarsson <harri.ormarsson@reykjavik.is>; Erna Hrónn Geirsdóttir <Erna.Hronn.Geirsdottir@reykjavik.is>; Vigdís Þóra Sigfúsdóttir <Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is>; Jóhanna Guðjónsdóttir <Johanna.Gudjonsdottir@reykjavik.is>; Snaedis Karlsdóttir Bergmann <Snaedis.Karlsdottir.Bergmann@reykjavik.is>

Efni: Tilkyning um kærú 50/2023, stjórnvald.

Góðan dag.

Efni. Tilkyning um kærú.

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

19.4.2023 14:51

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með happnum Bæta við kæranda

Fullt nafn	Haraldur Ingvarsson
Kennitala	██████████
Heimilisfang	██████████
Póstnúmer	████
Staður	Reykjavík
Sími	██████████
Netfang	██████████

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Efni kærunnar	
Fyrir hönd Plúsarkitekta ehf vill undirritaður kæra túlkun Byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnunar á grein 6.5.3 og 6.5.4 byggingarreglugerðar varðandi hæð og frágang svalahandriða í öryggisúttekt á að Rofabæ 7-9 (BN059106) þann 16. mars 2023.	
Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Byggingarfulltrúinn í Reykjavík og MVS
Dagsetning ákvörðunar	16.03.2023
Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)	Túlkun byggingarfulltrúa gerir Plúsarkitekta ehf bótaskylda gangnvarnt verkkaupa.

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Krafa um að túlkun byggingarfulltrúa á reglugerð verði leiðrétt og öryggisúttekt verði staðfest.

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Túlkun byggingarfulltrúa gerir Plúsarkitekta ehf bótaskylda gangnvarnt verkkaupa.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

18. mars 2023.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Við teljum túlkun byggingarfulltrúa á byggingarreglugerð, grein 6.5.3 og 6.5.4 ekki vera byggða á reglugerðinni sjálfri, fekar huglægu mati.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Greinargerð um málið
Númer skjals:	01
Fylgiskjal	01-Rofabær 7-9, kæra vegna túlkun byggingarreglugerðar.pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Samskipti við byggingarfulltrúa og MVS
Númer skjals:	02
Fylgiskjal	02-Samantekt varðandi hæð og frágang svalahandriða.pdf

9. Fylgiskjalalisti³

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Öryggisúttektarblað byggingarfulltrúa
Númer skjals:	03
Fylgiskjal	03-BN059106.pdf

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála,
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Greinargerð : kæra á Byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnunar vegna túlkunar á reglugerð.


Fyrir hönd Plúsarkitekta ehf vill undirritaður kæra túlkun Byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnunar á grein 6.5.3 og 6.5.4 byggingarreglugerðar varðandi hæð og frágang svalahandriða í öryggisúttekt á að Rofabæ 7-9 (BN059106) þann 16. mars 2023.

Í úttektinni segir í grein :

2.3 Handrið á svölum í öllum íbúðum ná ekki lágmarkshæð samkvæmt byggingarreglugerð

Nú er byggingarreglugerð frekar skýr hvað varðar kröfur og frágang á handriðum og við teljum okkar lausn uppfylla reglugerðina eins og skrifuð. Við höfum beðið Byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnun um álit á því en svör þessa eru frekar huglæg en vísa ekki í ákveðin reglugerðarákvæði. Myndin hér fyrir neðan er að okkar lausn á handriði við Rofabæ 7-9.

Bæði byggingarnefndarteikningar og sérteikningar hafa verið teknar fyrir án athugasemda af hálfu byggingarfulltrúa, en málið kemur upp í öryggisúttekt.




Í hönnuninni erum við að fara eftir leiðbeiningarblaði MVS (sjá viðhengi). heildar hæð 1200 mm :
Í 1. mgr. 6.5.3 gr. í byggingarreglugerð segir: „Þannig skal gengið frá handriðum bygginga að fullt öryggi sé tryggt. Op í handriði mega ekki vera meira en 89 mm að breidd upp að 0,80 m hæð frá gólfi eða frambrún þreps/palls. Við þrep skal gæta þess sérstaklega að bil milli handriðs og þreps sé hvergi meira en 89 mm. Sama gildir um bil milli handriðs og stigapalls, svala o.þ.h. sem og þar sem handrið kemur að vegg.“
Bil milli rimla í handriði eða milli handriðs og trappa sem er 89 mm eða minna á að tryggja að líkami barns komist ekki í gegnum það (*litaður texti, reglugerð eða samskipti*).

Reglugerðin er mjög skýr í leiðbeiningum sínum, frá gólfi og upp í 800 mm hæð eru mjög nákvæmar leiðbeiningar um hámarks op stærð (89mm) til að koma í veg fyrir að börn fari sér að voða. Fyrir ofan 800 mm er engar leiðbeiningar um lágmarks op, það er reiknað með lágmark 900 mm upp í handlista, en í svölum ofar en 2. hæð 1200 mm. Í anda þess hve nákvæmar skilgreiningar eru í neðri hlutanum mætti reikna með nákvæmum skýringum á bilinu fyrir ofan 800 mm, en reglugerðin segir aðeins handrið skal ekki vera lægra en 900 mm, en í þessu tilviki er það 1200 mm sem er hærra en lágmarkið, það er ekkert sem segir að handriðið eigi að vera 900 mm, bara að lágmarki. Við teljum að ef ætlunin hefði verið að hafa bilið minna þá væri það skilgreint í reglugerðinni, svipað og öll önnur bil.

Í grein 6.5.4 í byggingarreglugerð segir:

„Hæð handriða í stigum og tröppum byggingar skal bæði mæla frá fremstu brún þreps og frá yfirborði stigapalls að efri brún handriðs. Handrið innan íbúðar skal minnst vera 0,90 m að hæð. Handrið stigapalla, stiga og trappa utan íbúða skulu aldrei vera lægri en 0,90 m. Þar sem ljósop milli stigahlaupa er breiðara en 0,30 m eða stigi snúinn skal handrið vera minnst 1,20 m á 3. hæð byggingar og ofar. Handrið veggsvala skulu vera minnst 1,10 m að hæð, nema á hæðum ofan 2. hæðar, þar sem hæð handriðs skal vera minnst 1,20 m.



Skýringarmynd úr leiðbeiningarblaði sýnir þetta mjög vel.


Virðingarfyllt, fyrir hönd Plúsarkitekta ehf

Haraldur Ingvarsson

Viðh.: Leiðbeiningarblöð HMS, samskipti við HMS og Byggingarfulltrúa

Reykjavík 17.04.2023

Ps.: Varðandi svör HMS og Byggingarfulltrúa.



Í athugasemdum HMS segir : [Engin krafa er um mesta bil milli pílóra í handriði frá 0,80 m upp í 1,10 og/eða 1,20 m. frá gólfi](#) og bætir síðan við : [en það er heldur engin skýr merki um heimild til að sleppa því, sem skýtur skökku við þegar öll önnur op eru nákvæmlega útlistuð.](#)



Síðan segir : **Samantekt:**

Til að uppfylla kröfu í 2. mgr., í gr. **6.5.1. gr. Almenn**, um að „handrið skal hanna þannig að það verji fólk falli og að ekki séu möguleikar á að klifra í því“ skal fylla upp í umgjörð handriðs, í fulla hæð, eða á þann hátt að ekki sé hætt á að börn komist á milli með höfuð eða búk. Eins og myndin hér fyrir ofan sýnir, þá er augljóst að klifurfría 800mm svæðið kemur í veg fyrir að börn klífi, fyrir ofan það er óskilgreint.

HMS fullyrðir : Á þeim forsendum er ekki fallist á að skýringarmynd í leiðbeiningu 6.5.2 eigi við þegar um er að ræða svalahandrið. Sem er sérstakt að vera með skýringarmynd sem þeir fullyrða síðan að eigi ekki við.

Ástæðan er sú að lárétta bilið í handriðinu í leiðbeiningunni er mest um 10 cm, hæð handriðs 0,90 m og lokað upp í 0,80 m þá standa 10 cm eftir, sem er ekki rétt eins og sést á mynd hér við hliðina þar sem málin eru mæld 283 mm , en það sem útfært er á teikningu arkitekts sýnir að bilið er 40 cm.



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 25. maí 2023.

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr: 50/2023, kæra Plússarkitekta ehf., Fiskislóð 31, dags. 19. apríl 2023, þar sem kærð er túlkun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar og Mannvirkjastofnunar á grein 6.5.3 og 6.5.4 byggingarreglugerðar varðandi hæð og frágang svalahandriða í öryggisúttekt að Rofabæ 7-9, þann 16. mars 2023.

Með tölvupósti dags. 19. apríl sl. sendi úrskurðarnefndin Reykjavíkurborg ofangreinda kæru. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst til kærunnar.

Málavextir

Við skoðun vegna öryggisúttektar á Rofabæ 7-9 þann xxx.xx..gerði skoðunarmaður Reykjavíkurborgar m.a. athugasemd við að útfærsla handriða á svölum í öllum íbúðum gerði það að verkum að þau næðu ekki lágmarkshæð samkvæmt byggingarreglugerð.

Kröfugerð

Reykjavíkurborg lítur svo á að kærandi fari fram á að túlkun byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnunar verði felld úr gildi.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfu kæranda verði vísað frá ellegar hafnað.

Málsástæður og lagarök

Varðandi málsástæður og lagarök vísast til kæru.

Álit Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg krefst þess að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, þar sem athugasemd skoðunarmanns byggingarfulltrúa er þáttur í lögbundnu eftirliti byggingarfulltrúa og felur ekki í sér kæranlega stjórnvaldsákvörðun sem bindi enda á stjórnsýslumál í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á frávísun málsins að þessum sökum er á því byggt að meðal markmiða laga nr. 160/2010 um mannvirki er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt, sbr. a-lið 1. gr. laganna. Jafnframt er það markmið þeirra að tryggja aðgengi fyrir alla, sbr. e-lið sömu lagagreinar. Í því skyni mæla lögin fyrir um lögbundið eftirlit byggingarfulltrúa með mannvirkjagerð, sbr. 2. og 3. mgr. 16. gr. þeirra laga, en hluti af því eftirliti felur í sér framkvæmd lokaúttektar og útgáfu vottorðs. Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. laganna skal við lokaúttekt gera úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laganna og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn. Sama gildir um öryggisúttekt. Ljóst þykir að umrædd svalahandrið uppfylla ekki kröfur byggingarreglugerðar eins og fram hefur komið og gögn málsins sýna. Umrædd handrið eru á nokkrum stöðum einungis 80 cm að hæð, en skv.



byggingarreglugerð gr. 6.5.3 og 6.5.4 má hæð handriða aldrei vera lægri en 90 cm. 80 cm. 40 cm. bil er á milli pílára og handlista sem getur skapað hættu þar sem börn geta auðveldlega farið þar í gegn. Í gögnum málsins kemur fram, vegna tilvísunar kæranda til skýringarmyndar í leiðbeiningum 6.5.2 Mannvirkjastofnunar varðandi hæð handriða, að Mannvirkjastofnun telur að til að uppfylla kröfu í 2. mgr. gr. 6.5.1 í byggingarreglugerð komi fram að handrið skuli hanna þannig að það verji fólk falli og að ekki séu möguleikar á að klifra í því. Skal fylla upp í umgjörð handriðs, í fulla hæð, eða á þann hátt að ekki sé hætt á að börn komist á milli með höfuð eða bók. Féllst mannvirkjastofnun þannig ekki á að umrædd skýringarmynd ætti við þegar um væri að ræða handrið á svölum. Umrædd svalahandrið uppfylla ekki öryggiskröfur og var því athugasemd skoðunarmanns réttmæt.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Harri Ormarsson, lögmaður



50/2023 Rofabær

Árið 2023, föstudaginn 2. júní, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Ómar Stefánsson varaformaður, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 50/2023, kæra á „túlkun byggingarfulltrúa[ns í Reykjavík] og [Húsnæðis- og m]annvirkjastofnunar á grein 6.5.3 og 6.5.4 byggingarreglugerðar varðandi hæð og frágang svalahandriða í öryggisúttekt þann 16. mars 2023“, sem fram fór á húsinu að Rofabæ 7-9.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er barst nefndinni 19. apríl 2023 kærir annar eigenda Plúsarkitekta ehf. túlkun embættis byggingarfulltrúans í Reykjavík á ákvæðum byggingarreglugerðar vegna öryggisúttektar 16. mars s.á. Er þess krafist „að túlkun byggingarfulltrúa á reglugerð verði leiðrétt og öryggisúttekt verði staðfest.“

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 26. maí 2023.

Málavextir: Að Rofabæ 7-9 hefur verið byggt fjölbýlishús á fjórum hæðum með 31 íbúð auk atvinnu- og þjónusturýma á helmingi jarðhæðar. Hönnuðir aðaluppdráttar eru Plúsarkitektar og skrifar kærandi undir uppdrættina. Uppdrættirnir voru samþykktir af byggingarfulltrúanum í Reykjavík með áritun hans hinn 8. júní 2021. Í byggingarlýsingu kemur fram að hæð handriða og handlista sé í samræmi við gr. 6.5. byggingarreglugerðar og að þau séu almennt galvaniseruð og úr máluðu stáli. Á uppdráttum eru handriðin sýnd í 120 cm hæð. Frá svalagólfi og upp í 80 cm hæð eru lóðréttir rimlar með 89 mm bili á milli þeirra. Milli rimla og handriðs er opið bil 39,5 cm hátt. Ekki verður annað ráðið en að frágangur handriða hafi verið með sama hætti og samkvæmt samþykktum uppdráttum.

Byggingu hússins er nú að mestu lokið og sótti umsjónarmaður byggingarstjóra um öryggisúttekt með ódagsettri beiðni. Fór úttektin fram 16. mars 2023. Við úttektina og í kjölfar hennar komu fram athugasemdir frá embætti byggingarfulltrúa, m.a. við öryggi handriða á svölum hússins, en þau voru ekki talin uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um lágmarkshæð.

Málsrök kæranda: Kærandi vísar til þess að túlkun byggingarfulltrúans í Reykjavík á gr. 6.5.3. og 6.5.4. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 geri hönnuðina bótaskylda gagnvart leyfishafa. Lausn kæranda á hönnun svalahandriða uppfylli kröfur byggingarreglugerðar eins og hún sé skrifuð. Reglugerðin sé skýr hvað varði kröfur um frágang á handriðum. Óskað hafi verið eftir álitum byggingarfulltrúa og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en svör þeirra hafi verið huglæg og ekki vísað til ákveðinna ákvæða reglugerðarinnar. Aðal- og séruppdrættir hafi verið afgreiddar án athugasemda af hálfu byggingarfulltrúa en þær síðan komið fram við öryggisúttekt. Í hönnun handriðsins hafi verið farið eftir leiðbeiningablaði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og sé heildarhæð þess 120 cm.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Af hálfu borgaryfirvalda er farið fram á að málinu verði vísað frá þar sem athugasemd skoðunarmanns byggingarfulltrúa sé þáttur í lögbundnu eftirliti byggingarfulltrúa og feli ekki í sér kæranlega stjórnvaldsákvörðun sem bindi enda á stjórnýslumál í skilningi stjórnýslulaga nr. 37/1993.

Þá er minnt á að meðal markmiða laga nr. 160/2010 um mannvirki sé að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt, sbr. a-lið 1. gr. laganna. Í því skyni mæli lögin fyrir um lögbundið eftirlit byggingarfulltrúa með mannvirkjagerð, sbr. 2. og 3. mgr. 16. gr. laganna en hluti af því eftirliti feli í sér framkvæmd lokaúttektar og útgáfu vottorðs. Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. laganna skal við lokaúttekt gera úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laganna og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn. Sama gildi um öryggisúttekt. Ljóst þygi að umrædd svalahandrið uppfylli ekki kröfur byggingarreglugerðar. Þau séu á nokkrum stöðum einungis 80 cm að hæð, en skv. byggingarreglugerð gr. 6.5.3 og 6.5.4 megi hæð handriða aldrei vera minni en 90 cm. Þá sé 40 cm bil á milli pílára og handlista sem geti skapað hættu þar sem börn geti auðveldlega farið þar í gegn.

Athugasemdir leyfishafa: Af hálfu byggingaraðila Rofabæjar 7-9 er tekið fram að hann sé sammála öllum efnisatriðum kærunnar og að þar sem synjað hafi verið um lokaúttekt vegna byggingarinnar væru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun: Stofnunin vísar til þess að ekki verði ráðið að fyrir liggja kæranleg stjórnvaldsákvörðun af hennar hálfu í málinu.

Niðurstaða: Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvörðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Samkvæmt 59. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 sæta stjórnvaldsákvörðanir, sem teknar eru á grundvelli laganna, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Tekur úrskurðarnefndin því lögmæti kærðrar ákvörðunar til endurskoðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða leggur fyrir stjórnvöld að framkvæma tilteknar athafnir. Fellur það því utan valdheimilda úrskurðarnefndarinnar að gefa byggingarfulltrúa fyrirmæli um útgáfu vottorðs um öryggisúttekt eða mæla fyrir um tiltekna túlkun byggingarreglugerðar nr. 112/2012, nema þegar um er að ræða að slík túlkun sé hluti málsmeðferðar kæranlegrar ákvörðunar til nefndarinnar.

Synjun byggingarfulltrúa um útgáfu vottorðs um öryggisúttekt getur falið í sér stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnýslulaga nr. 37/1993. Hefur útgáfa slíks vottorðs þá réttarverkan að heimilt er að flytja inn í mannvirki eða taka það í notkun, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga um mannvirki. Liggur nú fyrir að eftir að kæra barst í máli þessu, eða hinn 10. maí 2023, var gefið út vottorð um öryggisúttekt með athugasemdum í kjölfar úrbóta á umræddu húsi, m.a. með því að bili fyrir neðan handrið svala var lokað með viðarpili.

Samkvæmt því sem að framan er rakið liggur ekki fyrir í máli þessu ákvörðun sem bindur enda á mál í skilningi 2. mgr. 26. gr. stjórnýslulaga, sem borin verður undir úrskurðarnefndina, og verður kærumáli þessu því vísað frá.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.